

30. apríl 2018.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ – Erindi um synjun á skólavist mál nr. 1703544 í OS

Minnisblað þetta er tengt úrskurði ráðuneytis menntamála sem lagt er fram í fræðsluráði þar sem ráðuneytið vísar til ráðsins. Ákvörðun skólastjóra er felld úr gildi.

Úrskurðurinn hefur verið ræddur í stjórnarsýslunni og kemur aðeins á óvart. Óljóst er hvort ákvörðun ráðuneytis er felld vegna stjórnarsýslulegra annmarka eða einfaldlega vegna þess að foreldrar hafi val um skóla í samræmi við 18. gr. laga um grunnskóla sem úrskurðurinn vísar í. En það virðist vera sem 18. greinin felli ákvörðunina þótt í greinargerðinni sjálfri sé vísað til þess að sveitarfélag geti sett reglur um val – og þá væntanlega um að takmarka val foreldra. Þess vegna kemur úrskurðurinn svolítið á óvart, sérstaklega þegar ekki er horft til þess að sveitarfélagið er að veita öllum nemendum þjónustu og hefur sjálfraði í eigin málum skv. stjórnarskrá en geta samt ekki haft rekstrarlega stjórn á skipan skólamála svo val foreldra sé rétt hærra en stjórnarskrárretturinn. Það kemur svolítið á óvart með niður vegna þess að ýmis vafatriði eru dæmd kæranda í hag en ekki sveitarfélaginu. Ef skoðuð er greinargerð með lögunum sem tengist umræddu lagaákvæði segir þar: „Lagt er til að foreldrar geti valið grunnskóla innan sama sveitarfélags fyrir börn sín samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags. Ekki er hægt að binda skilyrðislaust rétt foreldra um val á skóla en æskilegt þykir að sveitarfélög stuðli að slíku vali eftir fremsta megni. Þetta ákvæði á ekki við í fámennum sveitarfélögum þar sem einungis er rekinn einn grunnskóli.“ Svo skv. greinargerðinni er valið ekki afdráttarlaust þótt úrskurðinn virðist álíta svo og að stærri sveitarfélög hafa minni varða stjórnarskrárrett að stýra skipan skólamála að því er virðist í þessu tilviki. Í ljósi þessa verður að telja að skort hafi á skriflegar reglur um framkvæmd vals á skóla og þar hafi sveitarfélagið möguleika og rétt til að takmarka.

Í ljósi þessa verður samhliða úrskurðinum lögð fram drög að skráðum skólavistarreglum fyrir nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar. Í þessum drögum er gerð tilraun til að mæta kröfum um skráðar reglur sveitarfélags sem skilgreina möguleika foreldra á vali á grunnskóla fyrir barnið sitt um leið og sveitarfélagið getur sett skilyrði eða takmarkanir fyrir valinu. Regludrögin eru því sett í umræðu í fræðsluráði til frekari leiðbeininga fyrir stjórnarsýsluna.

Virðingarfyllst,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla